

Mál nr. 15/2021

V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss á líkamsræktarstöð.**Gögn.**

Málskot dags. 10.01.2021 ásamt fylgiskjölum 1-9.

Bréf V dags. 22.01.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 13. febrúar 2019 hafi M verið við æfingar í líkamsræktarstöðinni A, þegar handfang á tæki sem hún var við æfingar á slitnaði af tækinu með þeim afleiðingum að hún féll aftur fyrir sig á gólfið. M tilkynnti A strax um slysið og er ekki deilt um atvik að baki því sem slík.

Í málskoti er vísað til þess að M hafi verið aum í baki og rassi eftir umrætt atvik. Hinn 22. apríl 2019 hafi M svo aðeins snúið upp á sig og þá „gerðist eitthvað í bakinu“ og hafi M verið óvinnufær frá 22. apríl til 13. maí 2019. Hún hafi fyrst fundið fyrir verki í mjóbaki en síðan hafi verkjaleiðni verið frá rassi og oft niður í hné og stundum niður í ökkla. M hafi leitað til læknis hinn 9. maí 2019 og aftur 22. maí 2019, og hafi hún fengið áverkavottorð og beiðni í sjúkráþjálfun. Vegna þessa hafi M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hafi hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 9. júlí 2020, á þeim forsendum að M hafi ekki sýnt fram á orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem hún reki til þess. M er ósammála þeirri afstöðu og tekur í málskoti fram að fyrir umrætt slys hafi hún aldrei glímt við bakverki, eða þurft að leita til sjúkráþjálfara. Þá liggja fyrir yfirlýsing heilsunuddara um meðferð M eftir umrætt slys en á tímabilinu frá maí 2019 og fram til janúar 2020 hafi M greitt fyrir 30 nuddtíma. Séu einkenni þau sem hún býi við því að rekja til umrædds slyss.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M hafi fyrst leitað til læknis vegna einkenna sem hún reki til slyssins um þremur mánuðum eftir að það átti sér stað, og hafi ekki minnst á slysið eða slík einkenni þegar hún hafði samband við lækni hinn 7. mars 2019. M hafi fyrst fundið verulega fyrir einkennum sem hún reki til slyssins hinn 22. apríl 2019 og séu einkenni hennar almenns eðlis og hrjái fjölmarga án þess að slys hafi komið til. Þá liggja ekki fyrir ítarlegt vottorð bæklunarlæknis eða örorkumat sem staðfesti orsakatengsl milli slyssins og einkenna M. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum leitaði M fyrst til læknis vegna einkenna sem hún rekur til umrædds atviks hinn 9. maí 2019. Er einkennum hennar lýst svo að verkur hafi farið batnandi en komið aftur tveimur vikum fyrir komu til læknis, og sé verkurinn yfir lendarhrygg hægra megin með leiðni í rasskinn en sé að ganga til baka. Hinn 22. maí 2019 leitaði M aftur á heilsugæslu vegna bakverkja, og lýsti þá svipaðri sögu, en einnig því að frá 10. maí 2019 hafi verkjaleiðni aukist. Þá kemur fram að M hafi verið óvinnufær frá 22. apríl 2019 til 13. maí sama árs. Í tölvupósti M til viðkomandi læknis, dags. 22. maí 2019, kemur jafnframt fram að hinn 22. apríl 2019 hafi M verið „aðeins að snúa uppá“ sig og þá hafi eitthvað gerst í bakinu og hafi hún verið „freakar ónýtt“ síðan. Þá liggur fyrir beiðni um sjúkráþjálfun, dags. 22. maí 2019, þar sem fram kemur að M segist hafa verið aum í baki og rassi eftir slysið, svo versnað frá 22. apríl 2019, og búin að vera slæm síðan. Þá leitaði M til læknis hinn 7. október 2019 og var þá enn með einkenni frá baki. Samkvæmt myndgreiningu, dags. 10. október 2019, greindist M með slítbreytingar en brot eða önnur áverkamerki greindust ekki. Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að M leitaði ekki læknisaðstoðar vegna þeirra einkenna sem hún tengir við umrætt atvik fyrr en tæplega þremur mánuðum eftir að það átti sér stað. Þá liggur ekki fyrir læknisfræðilegt mat á orsökum núverandi einkenna hennar. Enn fremur liggur fyrir lýsing M sjálfra á því að „eitthvað hafi gerst“ í baki hennar rúmlega tveimur mánuðum eftir umrætt slys, en ekki liggur fyrir hvað það var eða hvort það tengist beint því atviki. Í tilvikum sem þessum er það tjónþola að sýna fram á orsakatengsl milli atviks og líkamlegra einkenna sem hann telur að af því hafi hlotist. Með hliðsjón af framangreindu verður ekki talið, á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni, að M hafi tekist slík sönnun og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 16. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.